

## 2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 16 13. apríl 1973 um happdrætti dvalarheimilis aldraðra sjómanna, öðlast gildi 10. apríl 1985.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 35 27. janúar 1984.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 15. febrúar 1985.*

**Jón Helgason.**

*Ólafur W. Stefánsson.*

**REGLUGERÐ**

**um breytingu á reglugerð um aukaframlög úr Jöfnunarsjóði  
sveitarfélaga nr. 467 frá 7. ágúst 1981,  
sbr. reglugerð nr. 138 frá 6. mars 1984.**

## 1. gr.

Ákvæði til bráðabirgða.

Við álagningu útsvara á árinu 1985 telst skilyrði 1. mgr., 3. gr. reglugerðar nr. 467 frá 7. ágúst 1981 fullnægt, þótt útsvar hafi ekki verið innheimt með álagi skv. 4. mgr. 25. gr. laga nr. 73/1980 um tekjustofna sveitarfélaga.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 47. gr. laga nr. 73/1980 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 27. febrúar 1985.*

**Alexander Stefánsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*

**AUGLÝSING**

**um gjald fyrir tilkynningar o.fl. sem birtist í Lögbirtingablaðinu.**

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 64 16. desember 1943, um birtingu laga og stjórnvaldaerinda, er gjald fyrir tilkynningar o.fl., sem birtist í Lögbirtingablaðinu, hér með ákveðið þannig:

	kr.
1. Fyrir tilkynningu um skrásetningu hlutafélaga og samvinnufélaga . . . . .	2 200
2. Fyrir tilkynningu um skrásetningu firma . . . . .	800
3. Fyrir tilkynningu um veitingu prókúruumboðs, breytingu eða afturköllun á prókúruumboði . . . . .	800
4. Fyrir tilkynningu um breyting á hlutafélögum, samvinnufélögum og firmum (breytingu á stjórn, samþykktum, eigendaskiptum o.fl.) . . . . .	800
5. Fyrir tilkynningu um að hlutafélag eða firma sé hætt störfum . . . . .	200
6. Fyrir uppboðsauglýsingu, þrjár birtingar . . . . .	1 100

7. Fyrir fjármark (brennimark innifalið) .....	200
8. Fyrir auglýsingu um óskilafénað, fyrir hverja kind eða hross .....	120
9. Fyrir innköllun .....	1 100
10. Fyrir auglýsingu um skiptafund .....	500
11. Fyrir ógildingarstefnu .....	2 000
12. Fyrir dómsbirtingu .....	2 000
13. Fyrir tilkynningu um útdrátt í happdrætti allt að 7 dálksentimetrum .....	650

Annað efni, sem birt er í blaðinu, en eigi fellur undir neinn framangreindra liða, greiðist með krónum 100 fyrir hvern dálksentimetra.

Myndamót, sem nota þarf við prentun auglýsinga, skal auglýsandi leggja til.

Gjaldskrá þessi öðlast gildi 1. apríl 1985. Fellur þá jafnframt úr gildi auglýsing nr. 252 23. maí 1984 um gjald fyrir tilkynningar o.fl. sem birtist í Lögbirtingablaðinu.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 26. febrúar 1985.*

**Jón Helgason.**

*Jón Thors.*

26. febrúar 1985

Nr. 121

## AUGLÝSING

**um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á söltuð-  
um ufsaflökum fyrir framleiðslutímabilið frá 1. janúar s.l.  
til 31. ágúst 1985.**

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á söltuðum ufsaflökum fyrir framleiðslutímabilið frá 1. janúar s.l. til 31. ágúst 1985.

<b>Söltuð ufsaflök:</b>	DM. pr. lest cif.
1650/up FF .....	4 700,00
1250/1650 FF .....	4 390,00
1100/1250 FF .....	4 030,00
1000/1100 FF .....	3 600,00

Verðbil verða 3,5% og miðast við verðhækkun eingöngu.

Greiðslur í sjóðinn verða 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu verðbili, en greiðslur úr sjóðnum 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði án verðbils.

Grundvallarverð miðast við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það verður á hverjum tíma.

Verðgrundvöllur þessi verður því aðeins tekinn upp á tímabilinu, að hráfnisverði verði sagt upp og því breytt.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 26. febrúar 1985.*

F. h. r.

**Jón L. Arnalds.**

*Kristín Magnússon.*